


TÖLUM SAMAN, TAKTU ÞÁTT

FUNDUR FÓLKSINS

8. og 9. september í Menningarhúsinu Hofi Akureyri



GOTT FÓLK, FUNDURINN ER AÐ HEFJAST!

Fundur fólksins er merkileg lýðræðis-
hátíð, nú haldin hér á landi í þriðja
sinn og því hægt að segja að hún hafi
fest sig í sessi.

Almenn þátttaka sem flestra í umræð-
um um samfélagsleg málefni er mikil-
væg forsenda virks lýðræðis. Lýðræði
í orði og á borði, þar sem raddir fólks
fá að heyrast, þar sem ólík sjónarmið
fá notið sín, þar sem allri umræðu er
fagnað svo lengi sem hún er málefna-
leg og heiðarleg.

Hér verður starfsemi á vegum fé-
lagasamtaka, stjórnmalaflokka og
stofnana og margvísleg málefni verða
krufin til mergjar, samhliða upplýs-
ingagjöf, kynningum og fræðslu um
hvaðeina. Stjórnmalamenn munu
sitja fyrir svörum og umræður eiga
örugglega eftir að vera líflegar og
skemmtilegar.

Við skulum ekki gleyma því að þetta er
hátíð. Við skulum því leyfa gleðinni að
ríkja þótt hér verði fjallað um mikil-
væg málefni. Hér kemur fólk saman
til að fagna lýðræðinu og halda upp



á það í orði og verki auk þess sem
hátíðisdagarnir verða kryddaðir með
tónlistaratriðum og ýmsum uppá-
komum.

Ég þakka Almannaheillum – samtök-
um þriðja geirans og Menningarfélagi
Akureyrar fyrir að gera þessa hátíð að
veruleika og það er ánægjulegt að hún
skuli haldin í höfuðstað Norðurlands
að þessu sinni.

Gott fólk, njótum fundarins, fögnum
lýðræðinu og tökum virkan þátt í há-
tíðinni.

Góða skemmtun.

Þorsteinn Víglundsson,
félags- og jafnréttismálaráðherra

FJÖRLEG UMRÆÐA UM MARGVÍSLEG MÁLEFNI

Þegar ljóst var að Menningarfélag
Akureyrar og Almannaheill – samtök
þriðja geirans myndu halda lýðræðis-
hátíðina Fund fólksins hér á Akureyri
sáu bæjaryfirvöld strax í því einstakt
tækifæri. Málefni samfélagsins verða
nefnilega okkur öll og Fundur fólksins
fellur vel að hugmyndum og mark-
miðum bæjarstjórnar um að auka
samstarf og samtal við bæjarbúa.

Dagskráin er fjölbreytt og ég á ekki
von á öðru en að mikil og fjörleg um-
ræða verði um hin margvíslegu mál-
efni sem tekin verða til umfjöllunar.
Þátttaka almennings skiptir þar öllu
máli og allar raddir þurfa að heyrast
í umræðunum sem fram fara.

Það er einstaklega ánægjulegt að fá
hátíðina til okkar í höfuðstað Norð-
urlands. Akureyri hefur allt sem til
þarf fyrir fund af þessu tagi og menn-
ingarhúsið Hof er kjörin umgjörð og
aðstaðan þar framúrskarandi.

Ég vona að sem allra best takist til

með hátíðina í ár og að hún sé hingað
komin til að vera.

Eiríkur Björn Björgvinsson
Bæjarstjóri Akureyrar



FUNDUR FÓLKSINS



GLEÐILEGA HÁTÍÐ!

Á Fundi fólksins styrkjum við undirstöður lýðræðisins, við tölum saman og tökum þátt í að móta samtalið. Við komum upplýsingum á framfæri við ráðamenn og almenning og sýnum hvert öðru virðingu.

Það er mikils virði að geta horfst í augu við viðmælendur sína, heyrt orð þeirra frá eigin munn, séð svipbrigði og lesið í líkamstjáningu. Það er líklega ein ástæða þess að fjöldi lýðræðishátíða fer vaxandi í heiminum og að þátttaka almennings í þeim hefur margfaldast

Í dag er einfalt að koma skoðun-

um sínum á framfæri og finna fólk sem er sama sinnis en á sama tíma er orðræðan í samfélaginu orðin óvægnari. Með því að tala saman í eigin persónu verða samræður innihaldsríkari og veita innblástur til frekari samræðna og athafna. Orð hafa áhrif, umræður hafa áhrif og upplýsandi samtal færir okkur nýja þekkingu. Að eiga í samtali við fólk með ólíkar skoðanir opnar augu okkar fyrir mismunandi sjónarhornum og auðveldar okkur að setja okkur í spor annarra.

Eitt af markmiðum hátíðarinnar er að hvetja til uppbyggjandi samtals, á Fundi fólksins fær fólk, félagasamtök og allir aðrir sem standa í hagsmunabaráttu, tækifæri til að koma málefnum sínum á framfæri, upplýsa almenning og ráðamenn um sín baráttumál og leita eftir stuðningi. Með því að hlusta og ræða saman í eigin persónu aukum við traust og skilning milli ólíkra aðila samfélagsins.

Þátttakendur í Fundi fólksins gera hátíðina að því sem hún er og eiga þeir þakkið skildar fyrir að setja upp þessa metnaðarfullu dagskrá. Öllum þeim sem tekið hafa þátt í undirbúningi hátíðarinnar og skipulagningu vil ég þakka kærlega fyrir gott samstarf. Tölum saman, tökum þátt, þannig höfum við áhrif.

Þuríður Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar og verkefnastjóri Fundar fólksins



ÉG HVET ÞIG TIL AÐ TAKA ÞÁTT

Almannaheill – samtök þriðja geirans á Íslandi fagna Fundi fólksins á Akureyri 8.-9. september 2017. Þessi mikilvæga lýðræðishátíð er nú haldin hér á landi þriðja árið í röð. Framkvæmdin er að þessu sinni í höndum Menningarfélags Akureyrar og er skipulag og aðbúnaður í Hofi til fyrirmyndar.

Að norrænni fyrirmynd mun fjöldi félagasamtaka, stjórnmálaflokka, fyrirtækja og stofnana skipuleggja viðburði þar sem almenningi gefst kostur á að hlusta á og taka þátt í lífandi umræðum um hvernig samfélag við viljum. Á Fundi fólksins

skapast nálægð og samræðuhefð sem gerir fólki með ólíkar skoðanir auðvelt að ræða mikilvæg málefni og hafa áhrif á stjórn mála í viðum skilningi þess orðs. Stjórn mála þar sem fólk er í landinu fundar á jafnréttisgrunni, jafnt stjórnmálafólk, fólk í félagasamtökum og almenningur. Ég hvet þig til að taka þátt í Fundi fólksins.

Hlakka til að sjá þig!

Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Almannaheilla

UMRÆÐUTORG UM LÝÐRÆÐI Í MENNINGARHÚSINU HOF

Gestir lýðræðishátíðarinnar Fundar fólksins eru boðnir velkomnir á umræðutorg um lýðræði í Menningarhúsinu Hofi. Dagskráin á torginu hefst strax að lokinni setningarathöfn Fundar fólksins og mun standa yfir alla hátíðina.

Viðburðinum er ætlað að skapa vettvang fyrir lífandi lýðræðisumræðu þar

sem gestum og gangandi gefst kostur á að kynna sér starfsemi og eiga samtal við fulltrúa stjórnmálaflokka og hagsmuna- og félagsamtaka um málefni samfélagsins. Umræðutorg um lýðræði fer fram í salnum Nausti.

Taktu þátt, þín rödd skiptir máli!

FORSETI NORÐURLANDARÁÐS OPNAR FUND FÓLKSINS

Forseti Norðurlandaráðs opnar Fund fólksins kl. 12 föstudaginn 8. september í Hofi. Setningarathöfnin hefst á skemmtiatriði frá Vandræðaskáldum, dúett þeirra Sesselíu Ólafs og Vilhjálms B. Bragasonar. Þuríður Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri MAK og verkefnastjóri hátíðarinnar býður fólk velkomið og forseti Norðurlandaráðs, Britt Lundberg, setur hátíðina. Tónlistarmaðurinn KK mun að lokum flytja nokkrar af sínum ástsælu perlum.



LÝÐRÆÐISHÁTÍÐIR

Á síðastliðnum tíu árum hefur lýðræðishátíðum á borð við Fund fólksins fjölgað hratt á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltsríkjunum. Það er ekki eingöngu að hátíðunum sé að fjölga því fjöldi þeirra gesta sem heim-sækja þær hefur einnig margfaldast. Lýðræðishátíðir eru samfélagslegur vettvangur þar sem fólk mætir augliti til auglitis, ræðir saman, hlustar, skiptist á skoðunum og verður fyrir innblæstri.

Í ár hafa lýðræðishátíðir á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltsríkjunum

tekið saman höndum með það að markmiði að styrkja enn frekar þátttökulýðræði landanna, læra hvert af öðru og finna leiðir til að þróa og styrkja hátíðirnar. Norræna ráðherranefndin styrkir verkefnið. Þær hátíðir sem taka þátt í verkefninu auk Fundar fólksins eru; Almedalsveckan í Svíþjóð, SuomiAreena í Finnlandi, Arvamusfestival í Eystlandi, hátíðin LAMPA í Lettlandi, Arendalsuka í Noregi, Folkemødet í Danmörku og Butent í Litháen.

Í ár hafa hátíðirnar heimsótt hver aðra, myndað tengsl og lært hver af annarri. Allar hátíðirnar eru ólíkar innbyrðis, þó markmið þeirra sé það sama; að styrkja lýðræðislega umræðu.

Á Facebooksíðu hópsins má finna nánari upplýsingar.

<https://www.facebook.com/DemocracyFestivals/>

Zakia Elvang, framkvæmdastjóri We Do Democracy í Danmörku

DAGSKRÁ

FÖSTUDAGUR

TÍMASETNING & STAÐSETNING	HEITI VIÐBURÐAR	ÁBYRGÐARADILI	UM VIÐBURÐINN
10:00-11:30 HAMRAR	Skipulag þéttbýla	Vistbyggðaráð	Skipulag þéttbýlis getur haft áhrif á öryggi og þægindi íbúa og einnig á umhverfisáhrifin sem hljóta af byggðinni. Við byggingu stærri hverfa getur gott íbúasamráð verið afgerandi fyrir velheppnaða byggð. Byggð á Íslandi er í örur vexti og mikilvægt að huga að góðu skipulagi fyrir nýja og stækkandi byggð.
12:00-12:30 HAMRAGIL	Setningarathöfn	Fundur fólksins	Forseti Norðurlandaráðs, Britt Lundberg, opnar hátíðina. Tónlistarmaðurinn KK flytur nokkur lög.
12:30-14:00 HAMRAR	Verður framtíðar-kennarinn app?	Kennarasamband Íslands	Getur notkun tölvutækni í skólakerfinu aukið skilvirkni og gæði? Kann svo að fara að ekki verði nein sérstök þörf fyrir kennara í framtíðinni? Hvað þarf til þegar tæknin er notuð í kennslu – hvert mun menntun þróast?
12:30-13:10 DYNHEIMAR	Það minnsta sem þú getur gert! Grænn lífstíll, umhverfis-merki og siðræn neysla.	Akureyrar Akadémían, Umhverfisstofnun og Neytenda-samtökin	Elva Raket Jónsdóttir, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun, fjallar um grænan lífstíll og umhverfismerki. Brynhildur Pétursdóttir, Neytendasamtökunum, fjallar um siðræna neyslu.
12:30-13:00 SVALIR	Opnun norrænu dag-skrárinnar	Norræna félagið/ Norden i fokus	Brit Lundberg, forseti norðurlandarráðs flytur ávarp. Kítín Sigtryggsdóttir syngur norræn lög.
13:00-13:50 NANNA	Hringborðsumræður Almannaheilla	Almannaheill	
13:00-13:30 HAMRABORG	Hugræn atferlismeðferð sýnd á myndrænan hátt.	Bernska	Hugræn atferlismeðferð sýnd á myndrænan hátt. Sögumaður er Saga Garðarsdóttir.
13:00-14:00 SETBERG	Alþýðufylkingin	Alþýðufylkingin	
14:00-17:00 BÓT	Listasmiðja fyrir fjölskyldur og börn	Menningarfélag Akureyrar og Fab Lab	Búin verður til sameiginlegur skúlptúr sem fjallar um það að vera einstaklingur í samfélagi við aðra. Þátttakendur fá tækifæri til að tjá sig myndrænt á sinn einstaka hátt. Einnig verður furðubílasmiðja fyrir börn þar sem þau fá að hanna sinn eigin bíl. Kennarar eru myndlistakonurnar Brynhildur Kristinsdóttir og Dagrún Matthíasdóttir.
14:00-16:00 HAMRABORG	Áhrif ferðapjónustu á nærsamfélagið	Festa og Ferða-klasinn	Málstofa um ábyrga ferðapjónustu sem skerpir á hugmyndinni um að áhrif ferðapjónustu-fyrirtækja á nærsamfélagið eru efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg - hér er fókus á félags- og efnahagsleg áhrif. Dagskrá: - Unnur Valborg, formaður ferðamálaráðs – Ávarp og hvatning - Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála - "Frá sjónarhóli íbúa" - Deloitte – kynning á beinum áhrifum ferðamanna á ríki og sveitarfélög - Róbert Guðfinnsson, fjárfestir á Sigufirði - áhrif á nærsamfélag Pallborð og umræður úr sal - Lokaorð – Matthías Rögnvaldsson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar
14:00-14:50 DYNHEIMAR	Viðreisn - fyrir hvað stöndum við?	Viðreisn	Þorsteinn Víglundsson ræðir málefni Viðreisnar.
14:00-14:50 NANNA	Rífum niður hindranir Norðurlanda!	Norræna félagið/ Norden i fokus	Það á að vera hægt að flytja, ferðast til vinnu, stunda nám og reka fyrirtæki þvert á landamæri Norðurlanda án óþarfa stjórnsýslulegra hindrana. Er hægt að láta þann draum rætast? Britt Lundberg, forseti Norðurlandaráðs, Sigurður Ingi Jóhannesson, alþingismaður, Íslandsdeild Norðurlandaráðs, Valgerður Gunnarsdóttir, alþingismaður, Íslandsdeild Norðurlandaráðs, Sív Friðleifsdóttir, fulltrúi Íslands í Stjórnsýsluhindranaráði Norðurlanda Umræðustjóri: Bogi Ágússon fréttamaður, formaður Norræna félagsins.
14:15-15:45 HAMRAR	Norræn velferð og félagsleg undirboð	Jafnaðarmenn á Norðurlöndunum	Opinn fundur Þingflokks jafnaðarmanna í Norðurlandaráði, ASI, SAMAK og Samfylkingarinnar. Á fundinum verður fjallað um félagsleg undirboð á norrænum vinnumarkaði í fortíð, nútíð og framtíð. Rætt verður um þær leiðir sem færar eru og hafa reynst best til að bregðast við þeirri ógn við norrænan vinnumarkað sem félagsleg undirboð eru. Danska hugmyndasmiðjan Cevea gaf nýlega út skýrslu um félagsleg undirboð á norrænum vinnumarkaði og þau mál hafa verið mjög til umfjöllunar innan SAMAK (samtök norrænna jafnaðarmanna og launþegahreyfinga) og Norðurlandaráðs, ekki síst í kjölfar skýrslu Poul Nielsons um framtíð norræna vinnumarkaðarins. Á fundinum munu fulltrúar stjórnmálaflokkanna, aðila vinnumarkaðarins og lögreglunnar einnig ræða stöðu mála á Íslandi og framtíðarhorfur.

DAGSKRÁ

TÍMASETNING	HEITI VIÐBURÐAR	ÁBYRGÐARAÐILI	UM VIÐBURÐINN
14:30-15:30 SETBERG	Borgarasviðið	Leikfélag Akureyrar	Kynningarfundur: Leikfélag Akureyrar vill með Borgarasviðinu gefa borgurum Akureyrar tækifæri til að upplífa leikhúsið sem rými þar sem fólk hittist, hefur samskipti og tengist skapandi, þvert á aldur, kyn og félagslegan bakgrunn.
14:30-15:00 SVALIR	Framtíð háskóla- menntunar	Háskólinn á Akureyri	Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, kynnir sína sýn á framtíð háskóla- menntunar og á síðan samtali við fundargesti um málefnið.
15:00-16:00 DYNHEIMAR	Heilsuefling aldraðra	Félag sjúkra- þjálfara	Við lífum lengur en lífum við betur? Sjúkraþjálfarar hafa þá sýn að bæta þurfi lífi við árin. Hreyfing og heilsuefling verði lykilatriði í þeirri þróun að aldraðir séu sjálfbjarga og virkir þátttakendur í eigin lífi. Til þess að svo megi verða þurfa margir aðilar að leggjast á eitt, þar á meðal yfirvöld, heilbrigðisstarfsmenn, s.s. sjúkraþjálfarar, og eldri borgaranir sjálfir.
15:00-15:50 NANNA	Kosningar í Noregi	Norræna félagið/ Norden í fokus	Norðmaðurinn Yngvar Björshol flytur stutt erindi um þingkosningarnar í Noregi sem fram fara 11. september. Að erindi loknu ræðir Yngvar við Boga Ágústsson fréttamann og formann Norræna félagsins um kosningarnar.
15:00-15:30 SÓFASPJALL	Læsi er lykillinn	Alþjóðadagur læsis	Ævar Þór Benediktsson, rithöfundur og leikari, verður sérstakur gestur í sófaspjalli á Alþjóðadegi læsis. Hann mun spjalla við mann og annan um læsi og lestraránægju. Ævar Þór fékk nýverið hvatningarverðlaun JCI sem framúrskarandi ungur Íslendingur 2017.
15:30-16:00 SVALIR	Framtíð háskóla- menntunar	Háskólinn á Akureyri	Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, kynnir sína sýn á framtíð háskóla- menntunar og á síðan samtali við fundargesti um málefnið.
15:50-16:10 HAMRAGIL	Tónlistaratriði með KK	Fundur fólksins	Tónlistarmaðurinn KK flytur nokkur lög.
16:00-17:30 HAMRABORG	Skiptir kyn máli í bæjarpólitík?	Jafnréttisstofa og Samband íslenskra sveitarfélaga	Á næsta ári verða sveitarstjórnarkosningar. Hlutur kvenna er nú 44% sveitastjórnarmanna en fáar konur eru sveitarstjórnar eða í forystu fyrir sitt sveitarfélag. Hvernig stendur á þessu? Hvaða mál brenna á konum og körlum og er munur þar á? Hvernig standa sveitarfélögin sig þegar kemur að jafnrétti kynjanna?
16:00-16:50 HAMRAR	Traust, verðmætasta auðlind Norðurlandanna	Norræna félagið/ Norden í fokus	Traust, eða „tillit“ er líklega ein verðmætasta auðlind Norðurlandanna. Hvers vegna er traust á hærra stigi á Norðurlöndunum en í flestum öðrum ríkjum? Hvernig njótum við sem samfélög góðs af því? Hvað getum við gert til að viðhalda og efla traust? Ulf Andreassen, höfundur ritins Tillit – Det nordiska gullet, heldur erindi. Umræður að loknu erindi: Britt Lundberg, forseti Norðurlandaráðs, Oddný Harðardóttir, alþingismaður, Íslandsdeild Norðurlandaráðs, Sigurður Ingi Jóhannesson, alþingismaður, Íslandsdeild Norðurlandaráðs, Auður H. Ingólfssdóttir, sérfræðingur á Rannsóknarstofnun ferðamála. Umræðustjóri: Bogi Ágústsson fréttamaður, formaður Norræna félagsins.
16:00-16:30 SÓFASPJALL	Spjallað um verk- lýðsmál í sófanum	ASÍ	Ýmis málefni verkalyðsfélaga.
16:05-16:50 DYNHEIMAR	Staða leigjenda	Neytenda- samtökin	
16:30-17:30 NANNA	Húmanisminn og helstu baráttumál húmanista á Íslandi	Síðmennt	Rædd verða helstu mál sem Síðmennt berst fyrir, s.s. aðskilnaður ríkis og kirkju, og þá hvað felst í aðskilnaði, samskipti skóla og trúfélaga og spurningin um hvers vegna ekki ætti að reka trúboð í opinberum skólum en kenna þess í stað trúarbragðafræði. Veraldlegt samfélag, hvað þýðir það, og margt annað. Lýðræði og mannréttindi verða einnig rædd. Einnig verða rædd helstu mál sem snerta alþjóðamál, s.s. baráttan fyrir tjáningarfrelsi, morð á bloggurunum og trúfrelsi, svo fátt eitt sé nefnt.
17:00-18:00 DYNHEIMAR	Norræna módelið	Samfylkingin, jafnaðarmanna- flokkur Íslands	Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar - jafnaðarmannaflokks Íslands og fulltrúi í Norðurlandaráði, kynnir helstu atriði norræna módelisins í stuttu máli. Silje Rygland frá SAMAK (samstarfsvettvangi fyrir jafnaðarmannaflokka og verkalyðshreyfinga á Norðurlöndum) segir frá samstarfi verkalyðsfélaga og jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum. Almennar umræður að loknum inngangserindum.
17:00-17:50 HAMRAR	Norrænar og norð- lenskar umhverfis- lausnir	Norræna félagið/ Norden í fokus	Um norræna strandhreinisdaginn og átak sem Landvernd stendur fyrir þann 16. september um að hreinsa plastrusl til lands og sjávar. Þátttakendur: Guðmundur Haukur Sigurðarson, frkvstj. Vistorku, Albertína Elíasdóttir, frkvstj. Eims, og Margrét Hugadóttir, verkefnisstjóri hjá Landvernd.

DAGSKRÁ

TÍMASETNING	HEITI VIÐBURÐAR	ÁBYRGÐARAÐILI	UM VIÐBURÐINN
17:00-17:30 SÓFASPJALL	Endurheimt votlendis á að vera forgangsmál	París 1,5	Eyþór Eðvarðsson frá París 1,5 ræðir votlendismálin við Dr. Árna Bragason landgræðslustjóra og Dr. Hlyn Óskarsson, fremsta vísindamann landsins á sviði votlendis. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er um 16,5 milljónir tonna. Um 70% af þeirri losun eða 11,5 milljónir tonna koma frá framræstu votlendi og einungis 15% af öllu framræstu landi á Íslandi eru nýtt til landbúnaðar. Lítil áhersla er hjá stjórnvöldum á endurheimt votlendis því losun úr framræstu votlendi fellur ekki undir skuldbindingar ríkja gagnvart Loftlagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Því fer það litla fjármagn sem sett er í loftslagsbreytingu á að draga úr þeim 30% sem falla undir Loftlagssamninginn. Auðvelt er að ná fljótlega miklum árangri í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að endurheimta votlendið. Loftslagsbreytingar eru dauðans alvara og árangur Íslands er að hér er losun um tvöföld á við það sem gerist í Evrópusambandinu. Engin stefna er til og nær engar aðgerðir hafa verið ákveðnar. Enginn stjórnmálaleiðtogi var krafinn svara af fjölmiðlum um loftslagsmálin í síðustu þingkosningum og stutt er í sveitarstjórnarkosningar og spurning hvort fjölmiðlar séu vandanum vaxnir.
17:30-18:00 HAMRAGIL	Norðlenskar konur í tónlist	Fundur fólksins	Norðlensku tónlistarkonurnar Helga Kvam, Lára Sóley Jóhannsdóttir og Þórhildur Örvarsdóttir flytja blöndu af hugljúfum og skemmtilegum lögum úr ýmsum áttum.
18:00-18:50 SVALIR	Norrænt pub-quiz	Norrænt pub-quiz	Hvað veistu um Norðurlönd? Taktu þátt í skemmtilegum norrænum spurningaleik. Veglegir vinningar í boði.


LAUGARDAGUR

10:30-11:30 NANNA	Valdefling fólksins - Sósíalismi 21. aldarinnar	Sósíalístaflokkur Íslands	Boðið verður til umræðu um hlutverk sósíalisma og sósíalískra félagsshreyfinga í því að efla vald almennings innan stofnana samfélagsins, hvort sem um er að ræða ríki, sveitarfélög, verkalýðsfélög, þjónustustofnanir eða vinnustaði.
11:00-11:50 HAMRABORG	Er skapandi starf metið að verðleikum?	Samband íslenskra myndlistarmanna og Listasafnið á Akureyri	Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri, Jóna Hlíf Halldórsdóttir formaður SÍM og myndlistarkonan Rúrí ræða hvort skapandi starf sé metið að verðleikum.
11:00-11:40 HAMRAR	Tækniþynging	Samfylkingin, jafnaðarmannaflokkur Íslands	Á fundinum munu formaður Samfylkingarinnar Logi Einarsson og Oddný G. Harðardóttir þingflokksformaður ræða um hvernig við getum undirbúið okkur fyrir nýju tækniþynginguna og séð til þess að með henni fylgi samfélagslegur ávinningur. Ef við gerum ekkert þá er allt eins líklegt að ójöfnuður aukist til muna og almenn velferð minnki.
11:00-12:00 DYNHEIMAR	Heilsugæslan og sjúkraþjálfun	Félag sjúkraþjálfara	Vaxandi eftirspurn er eftir aukinni þverfaglegri nálgun innan heilsugæslunnar á Íslandi, sem á að vera fyrsti viðkomustaður almennings í heilbrigðiskerfinu. Gögn sýna að yfir 40% þeirra sem leita til heilsugæslustöðva landsins koma vegna stoðkerfisvandamála og fjölmargir leita til þeirra vegna afleiðinga lífstíllssjúkdóma af ýmsu tagi. Þekking sjúkraþjálfara á þessum mállefnum er yfirgripsmikil og myndi nýtast afar vel í framfarðasveit heilsugæslunnar.
11:00-11:30 SÓFASPJALL	Sófaspjall um samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna	Norðurlönd í fókus	Ieva Hermansone, ráðgjafi á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Lettlandi, og Ásdís Eva Hannesdóttir, frkvstj. Norræna félagsins, ræða samstarfið og starf Norrænu ráðherranefndarinnar í Eystrasaltsríkjunum við Sigurð Ólafsson, verkefnastjóra Norðurlanda í fókus á Íslandi.
12:00-12:50 HAMRABORG	Sjálfstæðisflokkurinn	Sjálfstæðisflokkurinn	
12:00-12:30 SÓFASPJALL	Málefni Siðmenntar rædd í sófanum	Siðmennt	Athafnir Siðmenntar verða kynntar og athafnarstjórar félagsins sem starfa á Norðurlandi setjast í sófan en þeir eru hluti af 40 manna hópi athafnarstjóra Siðmenntar. Veraldegar nafngjafir, giftingar og útfarir eru valmöguleikar sem í boði eru fyrir alla og vinsældir þeirra hafa aukist verulega á undanförunum árum.
12:00-12:50 NANNA	Eru Norðurlönd boðberar friðar og framfara á norðurlöndum?	Norræna félagið/Norden í fokus	Hvað hafa Ísland og önnur norræn ríki lagt af mörkum til sjálfbærrar þróunar á norðurlöndum og hver eru helstu viðfangsefni sem þarf að takast á við á næstu árum? Hafa Norðurlöndin verið samstíga í stefnumörkun um málefni norðurlönda? Geta þau gert betur í þeim efnum? Þátttakendur: Ari Trausti Guðmundsson, alþingismaður og formaður Íslandsdeildar þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál, Valgerður Gunnarsdóttir, alþingismaður og formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og Embla Eir Oddsdóttir, forstöðumaður Norðurlöndanets. Umræðustjóri Bogi Ágústsson, formaður Norræna félagsins.
12:30-13:30 HAMRAR	Akureyri, barnvænt samfélag	Akureyrarbær	Á vegum Akureyrarbæjar er nú unnið að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með það að markmiði að uppfylla réttindi barna. Fulltrúar úr ungmennaráði kynna verkefnið.

DAGSKRÁ


TÍMASETNING	HEITI VIÐBURÐAR	ÁBYRGÐARAÐILI	UM VIÐBURÐINN
12:30-13:30 DYNHEIMAR	Lýðræði og stjórnsmál	Píratar	
12:30-13:00 SVALIR	Framtíð Geðheilbrigðisþjónustunnar: Samþætt nálgun?	Háskólinn á Akureyri	Gísli Kort Kristófersson, formaður hjúkrunarfræðideildar Háskólans á Akureyri.
13:00-13:50 HAMRABORG	Lækkun kosningaaldurs	Ung vinstri græn	Rýnt verður í stöðu ungs fólks í íslensku samfélagi, minnkandi stjórnmalabátttöku og hugmyndir um lækkun kosningaaldurs.
13:00-13:50 SETBERG	Alþýðufylkingin	Alþýðufylkingin	
13:00-13:50 NANNA	Sölva saga unglings	Norræna félagið/ Norden i fokus	Sölva saga unglings, Arnar Már Arngrímsson, höfundur sigurveks Barna- og unglingsbókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2017, ræðir við Sigurð Ólafsson, ritara skrifstofu verðlaunanna.
13:00-13:30 SÓFASPJALL	Norrænt samstarf og norræna módelið	Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði	
13:00-15:00 GÖNGUGATA/ HAFNARSTRÆTI	Sýrlenskur matur fyrir fólk á flóttu	Fundur fólksins	Í tengslum við Fund fólksins verður haldin fjárflyun til styrktar UNICEF. Þú kaupir eina máltíð fyrir sjálfa þig og aðra fyrir barn á flóttu. Khattab al Mohammad, sem nýlega opnaði Aleppo kebab á Akureyri, mun sjá um eldamenskuna í veitingavagni sínum ásamt fjölskyldu sinni.
13:40-14:15 HAMRAR	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030 – ertu með?	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030 er unnin í öflugum samstarfi stjórnsýslunnar, sveitarfélaga, félagsamtaka og annarra hagaðila ásamt því að allir geta sent inn tillögur að aðgerðum sem miða að minni losun gróðurhúsalofttegunda. Ímálfstofunni munum við kynna vinnuferlið við gerð áætlunarinnar. Við munum einnig kynna fyrstu drög hennar og bjóða upp á umræður um þau.
14:00-14:50 HAMRABORG	Staða íslenskra fjölmiðla	Norræna félagið/ Norden i fokus	Bogi Ágústsson, formaður Norræna félagsins, heldur erindi um stöðu íslenskra fjölmiðla, útbreiðslu þeirra, traust, almannaþjónustu, breytingar á fjölmiðlun, ógnanir, málssóknir vegna meintra meiðyrða og falskar fréttir. Hann ræðir einnig breytingar á fréttáöflun og dreifingu fréttar og helstu vandamál sem við er að glíma í þeim efnum.
14:00-16:00 BÓT	Listasmiðja fyrir fjölskyldur og börn	Menningarfélag Akureyrar	Búin verður til sameiginlegur skúlptúr sem fjallar um það að vera einstaklingur í samfélagi við aðra. Þátttakendur fá tækifæri til að tjá sig myndrænt á sinn einstaka hátt. Einnig verður furðubílasmiðja fyrir börn þar sem þau fá að hanna sinn eigin bíl. Kennarar eru myndlistakonurnar Brynhildur Kristinsdóttir og Dagrún Matthíasdóttir.
14:00-15:15 DYNHEIMAR	Framsóknarflokkurinn	Framsóknarflokkurinn	
14:00-14:50 NANNA	Til hvers eru lýðræðishátíðir	Democracy festivals	Umræður milli skipuleggjenda lýðræðishátíða á hinum Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum.
14:00-14:50 SETBERG	Díalektísk messa	DíaMAT- félag um díalektíska efnishyggju	Vésteinn Valgarðsson, forstöðumaður DíaMats, hefur framsögu og kynnis félagið og lífskoðun þess: díalektíska og sögulega efnishyggju. Eftir framsögunu eru frjálssar, fjörugar og fróðlegar umræður um efnið, þar sem tilgangurinn er að allir þátttakendur verði nokkurs vísari. Boðið verður upp á messukaffi.
14:00-14:30 SÓFASPJALL	Bleikir skattar í heilbrigðiskerfinu, Hanna Katrín	Viðreisn	Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Viðreisnar
14:30-15:30 HAMRAR	Af hverju borga ég í stéttarfélag? Ungt fólk og stéttarfélag	Eining-löjja, FVSA, RSÍ, Samiðn, SGS og ASÍ	Allt sem þig hefur langað að vita um stéttarfélag! Hvaða þjónustu getur þú fengið hjá þínu stéttarfélagi, hvernig getur það hjálpað þér ef þú þarft á aðstoð að halda og hvernig getur þú haft áhrif í þínu stéttarfélagi.
14:30-15:00 SVALIR	Framtíð Geðheilbrigðisþjónustunnar: Samþætt nálgun?	Háskólinn á Akureyri	Gísli Kort Kristófersson, formaður hjúkrunarfræðideildar Háskólans á Akureyri.
15:00-15:50 NANNA	Allir elska SKAM!	Norræna félagið/ Norden i fokus	Allir elska SKAM-þættina norsku. Þeir eru ekki bara vel gerðir og veita frábæra innsýn í líf ungs fólks í dag heldur kenna þeir okkur líka sitthvað um norska og norræna dægurmenningu og eru afbragðs norskukennsla. Kolbrún Ýrr Bjarnadóttir og Eyrún Huld Haraldsdóttir, kennarar við MA, ræða þættina við ungt fólk á Akureyri.
15:00-15:30 SÓFASPJALL	Þjóðfélagsbreytingar, óskhyggja og raunsæi	Alþýðufylkingin	
15:30-16:30 DYNHEIMAR	Borgarleg ferming og aðrar athafnir Siðmenntar	Siðmennt	Borgarleg ferming er valkostur fyrir börn sem vilja ekki undirgangast trúarheiti. Vinsældir fermingarfræðslunnar hafa aukist verulega og tóku yfir 9% barna á fermingaráldri þátt í henni á árinu 2017. Vinsældir annarra veraldlegra athafna, s.s. nafngjafa, giftinga og útfara, hafa einnig vaxið mjög hratt. Giftingar á vegum Siðmenntar hafa lagalegt gildi þar sem félagið er skráð lífsskoðunarfélag.

TÍMASETNING	HEITI VIÐBURÐAR	ÁBYRGÐARAÐILI	UM VIÐBURÐINN
15:30-16:30 HAMRABORG	Norræn velferð - Evrópsk samvinna	Viðreisn	Framsögufólk: Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Viðreisnar, Dóra Sif Tynes, héraðsdómslögmaður og varaþingmaður Viðreisnar, og Páll Rafnar Þorsteinsson heimspekingur.
16:00-16:30 SÓFASPJALL	Sjálfstæðisflokkurinn	Sjálfstæðisflokkurinn	
16:00-16:50 SVALIR	Fátækt er ekki aumingjaskapur	EAPN á Íslandi og Pepp Ísland	Kynning á starfsemi EAPN á Íslandi og Pepp Ísland - Samtökum fólks í fátækt, og samtal um aðstæður fátækra. Pepp Ísland er grasrótastarf EAPN á Íslandi, og er markmið þess að vinna gegn fátækt og félagslegri einangrun með því að gefa fólki sem býr við kröpp kjör rödd í samfélaginu og tækifæri til að vinna að eigin valdeygingu. Samtökin eru einnig starfandi á Akureyri og gefst gestum færi á að kynna sér hvað þeir geta gert til að stuðla að öflugri hreyfingu fátækra í sínu nærumhverfi.
16:00-17:00 HAMRAR	Hver er staðan í stefnumótun stjórnvalda í málefnum eldra fólks?	Þekkingarmiðstöð um öldrunarmál	
16:15-17:00 NANNA	Samtal og söngur	Flokkur fólksins	
17:00-19:00 1862 BISTRO/ HAMRAGIL	Diskósúpa	1862 og Klúbbur matreiðslumanna á Norðurlandi og áhugafólk um matarsóun	Eldað saman úr mat sem annars hefði verið sóað, við dillandi tóna DJ Vélarnar.
17:00-17:30 HAMRAGIL	Lokaathöfn	Fundur fólksins	Ávörp og skemmtiatriði.



FUNDUR FÓLKSINS - ÞÁTTTAKENDUR

AFLIÐ - SAMTÖK GEGN KYNFERÐIS- OG HEIMILISÓFBELDI | AKUREYRARAKAÐEMÍAN | AKUREYRARBÆR | ALMANNAHEILL | ALÞJÓÐA-DAGUR LÆSIS | ALÞYÐUFYLKINGIN | ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS | BLINDRAFÉLAGIÐ, SAMTÖK BLINDRA OG SJÓNSKERTRA Á ÍSLANDI | DEMOCRACYFESTIVALS | DÍAMAT - FÉLAG UM DÍALEKTÍSKA EFNISHYGGJU | EINHVERFUSAMTÖKIN | EINING IÐJA | EAPN Á ÍSLANDI / PEPP ÍSLAND - SAMTÖK FÓLKS Í FÁTÆKT | FARSÆL ÖLDRUN - ÞEKINGARMÍÐSTÖÐ | FESTA | FÉLAG SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA | FÉLAG SJÚKRA-ÞJÁLFAFA | FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS Á AKUREYRI OG NÁGRENNIS | FLOKKUR FÓLKSINS | FRAMSÓKNARFLOKKURINN | GRÓFIN | HÁSKÓLINN Á AKUREYRI | ÍSLANDSDEILD NORÐURLANDARÁÐS | JAFNRÉTTISSTOFA | KENNARASAMBAND ÍSLANDS | LANDS-BYGGÐIN LIFI | LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁLP | LEIKFÉLAG AKUREYRAR | LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI | MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR | NEYTENDASAMTÖKIN | NORÐURLÖND Í FÓKUS | NORRÆNA FÉLAGIÐ | PARÍS 1,5 | PÍRATAR | SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA | SAMFYLKINGIN - JAFNAÐARMANNAFLOKKUR ÍSLANDS | SIÐMENNT | SÍM | SJÁLSTÆÐISFLOKKURINN | SJÓNARHÓLL- RÁÐGGJAFARMÍÐ-STÖÐ | SÓSÍALISTAFLOKKUR ÍSLANDS | STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS | VIÐREISN | UNG VINSTRI GRÆN | VIRK STARFSENDURHÆF-INGARSJÓÐUR | VISTBYGGÐARRÁÐ | ÞINGFLOKKUR JAFNAÐARMANNA Í NORÐURLANDARÁÐI | ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS



LÝÐRÆÐISHÁTÍÐIN FUNDUR FÓLKSINS

- Hátíðinni er ætlað að virkja lýðræðisþátttöku, efla rödd almennings og vera valdeflandi vettvangur allra þeirra sem vilja ræða málefni samfélagsins.

- Utanumhald og skipulag

Aðstandendur Fundar fólksins eru Almannaheill, framkvæmdaraðili 2017 er Menningarfélag Akureyrar. Hátíðin er sjálfstæð og ekki tengd neinum hagsmunaöflum á Íslandi eða annars staðar. Velferðarráðuneytið, Menningarfélag Akureyrar, Almannaheill og Akureyrarbær styrkja hátíðina.


SIÐAREGLUR FUNDAR FÓLKSINS

- Að hlusta á aðra og velta fyrir sér ýmsum hliðum málefna er jafn mikilvægt og að sannfæra fólk um eigin skoðanir.

- Til þess að tryggja opin skoðanaskipti og uppbyggilegt andrúmsloft er lagt til að gestir hátíðarinnar haldi nokkrar reglur í heiðri.

1	Við berum virðingu fyrir tíma, gildir um fundarstjóra og alla þátttakendur hátíðarinnar.
2	Við notum sannar staðhæfingar.
3	Við hlustum, það er jafn mikilvægt og að tala.
4	Við erum ekki hlutdræg gagnvart þeim sem taka þátt í umræðunum.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

 Snyrtingar eru staðsettar í kjallara. Snyrtingar fyrir hreyfihamlaða eru á 1. hæð og 2. hæð.



Wi Fi : Gestur. 2017

Tilboð á drykkjum hjá 1862 Nordic Bistró:

Föstudag kl. 16.00-18.00
Laugardag kl. 17.00-19.00

EINN MIKILVÆGASTI VETTIVANGUR ÞJÓÐMÁLAUMRÆÐU



Þetta byrjaði allt á vörubílsþalli í Almedalen í Visby á Gotlandi. Olof Palme, sem þá var menntamálaráðherra. Palme og Krister Wickman, fjármálaráðherra, sóttust eftir formennsku í Jafnaðarmannaflokknum og héldu óformlegan fund og ávörpuðu nokkra tugi áheyrenda. Palme - fjölskyldan varði sumarleyfum á Färö við norður-enda Gotlands. Næstu sumur flutti Olof Palme ræður á sama stað og Jafnaðarmenn efndu svo til ráðstefnu um efnahagsmál þar 1982. Litlu munaði að þetta lognaðist út af. Svo fór þó ekki og smám saman varð þetta að fundi fólksins, vettvangi fyrir stjórnálamenn, verkafólki, blaða- og fréttamenn og fulltrúa sjálfboðasamtaka. Nú er Almedalsveckan einn mikilvægasti vettvangur þjóðmálaumræðu í Svíþjóð

þar sem stjórnámaflokkar og samtök kynna stefnumál sín og sitja fyrir svörum. Sænska ríkissjónvarpið sendir út beint frá fundunum og þeir vekja jafnan mikla athygli. Almedalsveckan er fyrirmynd SuomiAreena í Poro, Folkemødet á Borgundarhólmi og Arendalsuka í Noregi. Þessir fundir hafa á allra síðustu árum orðið að jafn mikilvægum viðburðum og Almedalsveckan. Fyrsti fundurinn í Arendal í Noregi var haldinn 2012 en hann hefur skotið rótum í norsku þjóðlífi. Í fyrria voru nærri 600 viðburðir tengdir Arendalsuka og flestallir sem vilja gera sig gildandi í opinberri umræðu koma þangað. Hið sama gildir um Fund fólksins á Borgundarhólmi, sem fyrst var efnt til 2011. Sá fundur er orðinn ómissandi fyrir áhugafólk um þjóðfélagsmál. Bertel

Haarder, sem lengst hefur gegnt ráðherraembætti í Danmörku á seinni tímum lýsir Fundi fólksins á Borgundarhólmi svona: „...en politisk Roskilde Festival med mindre øl og mere snak“. Auðvitað er óskandi að Fundur fólksins á Íslandi geti vaxið og dafnað og orðið að vettvangi þar sem áhugafólk um samfélagið getur hist og átt formlegar og óformlegar samræður um áhugamál sín og þannig unnið að því að bæta og auðga líf okkar. Örvæntum ekki, mjór er mikils vísir og gleymum ekki að þetta byrjaði allt saman á þalli vörubíls að viðstöddum nokkrum tugum.

Bogi Ágústsson,
formaður Norræna félagsins

Útgefandi: Fundur fólksins - Strandgata 12- 600 Akureyri- S: 450 1000 - Fundurfolksins.is

